

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir afgangsjóði kristfjárjarða í Húnavatns- 172
sýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. desember 31. des.
1919 Skipulagsskráin er þannig :

Skipulagsskrá

fyrir afgangsjóði Kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Kristfjárjarðir þessar eru: Hamar í Svínavatnshreppi, er Guðmundur sýslumaður Hákonarson hefur með brjefi dags. á Þingeyrum 15. febrúar 1656, gefið fátækum í 11 af af þáverandi 18 hreppum Húnavatnssýslu, og Meðalheimur í Torfalækjarhreppi, er Bjarni sýslumaður Halldórsson hefir með brjefi, dagsettu á Þingeyrarklaustri 10. maí 1763, gefið fátækum í öllum af þáverandi 18 hreppum sýslunnar.

2. gr.

Umsjón þessara jarða hefur einn maður, er sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu kjósa til þess, til 5 ára í senn. Hann hefur byggingarráð þeirra með þeim takmörkunum, sem tiltekið er í reglugerð fyrir umsjónarmann kristfjárjarða í Húnavatnssýslu. Fær umsjónarmaður í innheimtulaun og ómakslaun 6% af jarðar afgangsdunum. Ekkert byggingarbrjef er gilt, nema sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu samþykki það.

3. gr.

Af afgangi jarðanna skulu myndaðir sjóðir, er nefnast Kristfjárjarða-afgangsjóðir eftirnefndra hreppa, og falla öll afgangsd, bæði landskuld og leigur, að frádregnum þeim 6%, sem um getur í 2. gr., til sjóða þessara og skiftist á milli þeirra þannig:

a. Af Hamri falli í Kristfjárjarða-afgangsjóði:

Vindhælishrepps, Engihlíðarhrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Svínavatnshrepps, Sveinsstaðarhrepps, Áshrepps, Þorkelshólshrepps, Þverárhrepps, og Kirkjuhvammshrepps $\frac{3}{23}$ hlutar til hvers, en Blönduóshrepps, Torfalækjarhrepps, Fremri Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, og Staðarhrepps $\frac{1}{23}$ hluti til hvers.

b. Af Meðalheimi falli afgangið í Kristfjárjarða-afgangsjóði.

Vindhælishrepps, Engihlíðarhrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Svínavatnshrepps, Sveinstaðarhrepps, Áshrepps, Þorkelshólshrepps, Kirkjuhvammshrepps, Þverárhrepps og Staðarhrepps $\frac{1}{12}$ hluti til hvers, en Blönduóshrepps, Torfalækjarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps og Ytri-Torfustaðahrepps $\frac{1}{24}$ hluti til hvers.

4. gr.

Höfuðstól sjóðanna má aldrei skerða. Við þá skulu árlega lagðir vextir af þeim og sá hluti jarðarafgangdanna, sem hverjum þeirra ber, þar til árstekjur þeirra hvers um sig eru orðnar 25 — tuttugu og fimm — krónur, þá má á hverju ári úthluta $\frac{4}{5}$ — fjórum fimtu —

172 hlutum af öllum árstekjunum, en að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ — einn fimti — hluti leggist árlega við 81. des. höfuðstólinn.

5. gr.

Umsjónarmaður jarðanna semur árlega reikninga yfir sjóðina og sendir þá til oddvita sýslunefndanna, og skulu þeir svo lagðir fyrir aðalfundi þeirra til athugunnar og úrskurðar.

Þegar byrjað verður að úthluta styrk af sjóðum þessum, geta sýslunefndirnar ákveðið umsjónarmnni aukabókun fyrir reikningsfærsluna sem þó, má ekki vera meira en 2^o/_o af öllum tekjum sjóðanna.

6. gr.

Styrk þann, sem árlega má úthluta samkvæmt 4. gr., veita hreppsnefndir fátækum mönnum í hreppi sínum án tillits til stöðu þeirra og aldurs. Þó má engum veita styrk þennan, sem þiggur sveitarstyrk eða hefur þegið hann næstu tvö — 2 — ár áður. Lægri styrkur veitist engum en 20 — tuttugu — krónur.

7. gr.

Áður en farið er að veita styrk af sjóðum þessum semja sýslunefndirnar reglur um úthlutun hans.

8. gr.

Sýslunefndir Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu ábyrgjast hvor fyrir sig og báðar í sameiningu tjeða afgangsjóði, ennfremur að afgangur jarðanna sju rjettilega innheimt, sett tafarlaust á vöxtu á tryggan vextastað. Skift sje jafnframt í sjóðina samkvæmt því, sem skipulagsskrá þessi greinir, og yfirléitt að farið sje í einu og öllu eftir ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Þær ákveða í sameiningu hvar sjóðirnir skulu ávæxtast.

Hagur sjóðanna skal árlega birtur með sýslufundargerðum sýslanna. Þannig samþykkt á sýslufundum Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 20. júní 1919.

B. Brynjólfsson.